

Fundargerð aðalfundar 2025

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. árið 2025 var haldinn í húsakynnum félagsins að Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, 6. maí 2025 kl. 14:00. Mættir voru fulltrúar 13 hluthafa sem eiga 86.09% hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Fundurinn kaus Erlu S. Árnadóttur, fundarstjóra og tók hún við stjórn fundarins.

Fundarstjóri stakk upp á Eddu Hrund Svanhildardóttur sem ritara fundarins og var það samþykkt.

Fundarstjóri lýsti því yfir að löglega hafi verið til fundarins boðað og fundurinn væri sóttur af hluthöfum er fara með tilskilið magn hlutafjár. Væri fundurinn því lögmætur.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Viktor Jens Vigfússon, stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikning fyrirtækisins en hann var sendur til allra hluthafa fyrir fundinn. Ársreikningurinn var samþykktur einróma.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning: Rætt um nauðsyn þess að viðhalda skráningu útlána rafræns efnis.
4. Tillaga um að heimild til hækkunar hlutafjár samkvæmt 2. mgr. 4. gr. samþykkt félagsins verði framlengd til 30. apríl 2030 var samþykkt einróma.
5. Tillaga til breytinga á 1. mgr. 12. gr. samþykkt félagsins um að stjórn félagsins verði framvegis heimilt að boða til hluthafafundar með tölvupósti auk þeirra aðferða sem þegar er getið í samþykktum, í samræmi við 80. gr. b.laga nr. 2/1995 um hlutafélög var samþykkt einróma.
6. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins:
 - Viktor Jens Vigfússon (kt. 200767-4039), aðalmaður.
 - Pálína Magnúsdóttir (kt. 151163-7269), aðalmaður.
 - Kristjana Hreiðarsdóttir (kt. 190271-3079), aðalmaður.
 - Örn Hrafnkelsson (kt. 111067-5389), aðalmaður.
 - Guðmundur Axel Hansen (kt. 160577-4879), varamaður.
 - Margrét Ingibjörg Ásgeirsdóttir (kt. 261166-5939), varamaður
7. Stjórn var sjálfkjörin. Þá var gerð tillaga um að Ríkisendurskoðun yrði kjörinn endurskoðandi og var tillagan samþykkt samhljóða.
8. Lagt er til að hagnaður af rekstri ársins 2024 gangi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess og fyrirliggjandi ársreikningi. Samþykkt einróma.
9. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2025 til aðalfundar 2026 hækki um 3,7% og verði því kr. 38.581 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
10. Önnur mál. Engin önnur mál voru á dagskrá. Fráfarandi stjórnarmönnum var þakkað fyrir vel unnin störf og þeim færðir blómvendir.



Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 14.56.

Fundargerð er undirrituð rafrænt af fundarstjóra og fundarritara

Erla S. Árnadóttir

Edda Hrund Svanhildardóttir